PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288



Fasteignasala
Í Fjallabyggð
VINNUM SAMAN Í HEIMABYGGÐ
Arndís Erla Jónsdóttir
Löggiltur fasteignasali og
viðskiptalögfræðingur
S: 690-7282
arndis@fasteignamidlun.is

38. tbl. 36. árg. 13. nóv. 2024

MEIRI
ÁRANGUR
FYRIR
OKKUR
ÖLL

D

Píla - Boltinn - Viðburðir

Gleði Stund Milli 17-19

Segull 67 BREWERY

Bjór - Kaffi - Vín - gos

**Opið**

| | |
|---|---|
| Mið | 16 - 18 |
| Fim | 16 - 22 |
| Fös | 14 - 22 |
| Lau | 14 - 22 |
| Sun | 14 - 18 |


***BLAÐBERA*** **VANTAR TIL AÐ BERA ÚT TUNNUNA Á SIGLUFIRÐI.**
**HAFA SAMBAND: 467-1288 eða albert@tunnan.is**




Canon

**TUNNAN**
S: 467-1288

**Blek og prentarar**

**Ódýrasta Canon blekið á Norðurlandi 2.990 kr. XL stærðin**



Samfylkingin

S



# Kaffifundur á Siglufirði

16. nóvember, kl. 16:00
Aðalbakarí

Kaffi og með því



Hefur þú trú á framtíðinni?

**Við segjum já!**

# Framsókn býður til samtals

framtíðin ræðst á miðjunni — framtíðin ræðst á miðjunni — xB

**Komdu og taktu spjallið með okkur**

**16. nóv.** **KAFFI OG SPJALL kl. 15:30**
í Höllinni Ólafsfirði

**16. nóv.** **OPINN FUNDUR OG GLEÐISTUND kl. 20:00**
Segull 67 Siglufirði

**17. nóv.** **SÚPA OG SPJALL kl. 12:00**
á veitingastaðnum Norður Dalvík



Framsókn

xb.is



# Sviðamessa



**Félagsfundur í**
**Félagi eldri borgara Siglufirði**
**verður haldinn sun. 17. nóv. 2024 kl. 17.00**
**í sal í Skálarhlíð**

**Dagskrá:**

Formaður setur fundinn og býður félaga og gesti velkomna.

Borðhald: **Svið** og allt sem þeim fylgir frá Fiskbúð Fjallabyggðar, einnig verður bjór, rauðvín og hvítvín til sölu. Gos er frítt.

Eftir mat verður söngur og grín.

**Verð: 4.000. kr. - Vinsamlegast skráið þátttöku til:**

| | |
|---|---|
| Brynhildar Bjarkadóttur | 862-6165 |
| Karólínu Sigurjónsdóttur | 848-4149 |
| Ólafur Baldursson | 892-4123 |

Kæru eldri borgarar. - Endilega mætið.

**Stjórn Félags eldri borgara Siglufirði**

# Siglufjarðarkirkja 17. nóvember



**Kl. 11.15: Kirkjuskóli.** Nú málum við piparkökur. Kirkjuskólinn verður svo alla sunnudaga til og með 8. des. á sama tíma.
**Kl. 17.00: Kertamessa** á rólegum nótum, við píanóundirleik.

**Verið hjartanlega velkomin - Sigurður Ægisson**




- Friðum Eyjafjörð, Öxarfjörð og Seyðisfjörð **fyrir sjókvíaeldi**
- **Eflum forvarnir gegn ofbeldi** meðal barna og ungmenna.
- **Bætum samgöngur um allt land** og aukum framlög til vegagerðar
- **Útrýmum kynjamisrétti** og kvenfyrirlitningu
- **Umbyltum meðferðarúrræðum** fyrir börn með fjölþættan vanda
- **Heilsugæsla efld** um land allt

**Kosningaskrifstofa VG er opin** frá 16-18 alla daga
í Brekkugötu 7, Akureyri

## Fjallabyggð

# Auglýsing um skipulag í Fjallabyggð

**Tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Siglufjarðar**

Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 16. október 2024 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Siglufjarðar skv. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var kynnt á opnum íbúafundi þann 6. nóv. sl. og er markmið hennar að útbúa nýja lóð fyrir verslunarkjarna sem mun m.a. hýsa nýja verslun Samkaupa hf. ásamt öðrum verslunum og/eða þjónustu.

Nánari upplýsingar eru á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir slóðinni: **skipulagsgatt.is/issues/2024/1341**

---

Tillaga að breytingu deiliskipulags miðbæjarins liggur frammi á upplýsingatöflu á 3.hæð Ráðhúss Fjallabyggðar við Gránugötu 24 á Siglufirði og á nýjum vef Skipulagsstofnunar, www.skipulagsgatt.is
Frestur til að skila inn athugasemdum er frá 13. nóvember til og með 2. janúar 2025. Eingöngu er tekið við athugasemdum og ábendingum á rafrænan hátt í gegnum skipulagsgátt, bein slóð inn á málið er **skipulagsgatt.is/issues/2024/1341**.
Hægt er að óska eftir nánari leiðbeiningum á tæknideild Fjallabyggðar,
**taeknideild@fjallabyggd.is** - ***Tæknideild Fjallabyggðar***




**Canon PIXMA TS705a**
**A4** blekspraututprentari með
Wi-Fi og 350 blaða skúffu
**kr. 15.500,-**
TUNNAN
S:467-1288



# HÓ - HÓ - HÓ -


TUNNAN styður Önnu Hermínu

Kæru aðstoðarmenn Jólasveinsins. Ég er byrjuð að taka á móti jólagjöfum í söfnunina fyrir jólin 2024. Undafarin ár hafið þið íbúar Fjallabyggðar aðstoðað fjölda fjölskyldna sem hafa lítið á milli handanna og gefið jólapakka í söfnunina **„til þeirra sem minna mega sín".** Margt smátt gerir eitt stórt og trúi ég að við getum haldið áfram að aðstoða fjölda foreldra sem hafa haft stóran hnút í maganum allt árið í kring og áhyggjur yfir komandi jólum. Afhendingarstaður Lækjagata 2 Sigló, en ef þú getur ekki komið með gjöfina þá getur þú bjallað í mig í síma 848-9048 og ég nálgast Jólagjöfina.

**Ps: Þær mega koma ópakkaðar!** Hvet foreldra að leyfa börnum sínum að pakka inn gjöfunum og vekja athygli á að það er til fátækt á Íslandi, sem er því miður að aukast.. - ***Jólakveðjur - Anna Hermína.***

## Fjallabyggð

# Íbúafundur vegna deiliskipulags nýs kirkjugarðs við Brimnes í Ólafsfirði

**Íbúafundur verður í Tjarnarborg fim. 14. nóvember kl. 17.00** þar sem kynntar verða breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulag vegna nýs kirkjugarðs við Brimnes. Deiliskipulagið var unnið með hliðsjón af athugasemdum/ábendingum sem bárust frá íbúum og öðrum áhugasömum.

Helsta viðfangsefni deiliskipulagsins er að skipuleggja svæði fyrir framtíðar grafreiti Ólafsfirðinga, því núverandi kirkjugarður við Aðalgötu er nánast fullnýttur. Svæðið við Brimnes var valið í kjölfar íbúakosningar sem fram fór síðasta vor þar sem 61,7% greiddra atkvæða voru fylgjandi því svæði.

**Umhverfis og tæknideild**

Fjallabyggð

# VIÐBURÐADAGATAL Á AÐVENTU Í FJALLABYGGÐ

Undanfarin ár hefur Fjallabyggð gefið út viðburðadagatal fyrir jólin.
Ef þú vilt koma þínum viðburði til skila til íbúa með þátttöku í dagatalinu
endilega sendu upplýsingar til markaðs- og menningarfulltrúa
á netfangið lindalea@fjallabyggd.is fyrir 22. nóvember nk.
Birting í dagatalinu er þér að kostnaðarlausu.

# VIÐ KVEIKJUM JÓLALJÓSIN

Ljósin verða kveikt á jólatrénu við Tjarnarborg laugardaginn 30. nóvember kl. 16:00.
og á Ráðhústorginu á Siglufirði sunnudaginn 1. desember kl. 17:00

# JÓLAMARKAÐUR TJARNARBORGAR

Hinn árlegi jólamarkaður Tjarnarborgar verður haldinn
laugardaginn 30. nóvember frá kl. 13:00 - 16:00
Þeir sem hafa hug á því að fá borð eða panta jólahús
vinsamlegast hafi samband við Ástu í síma 853 8020
eða á netfangið astas@fjallabyggd.is

*Gleðilega hátíð*

